



Nýársávarp
forseta Íslands
Ásgeirs Ásgeirssonar
1. janúar 1959

Góðir Íslendingar!

Við hjónin sendum yður öllum, hverjum einum og þjóðinni í heild, bestu kveðjur og ánaðaróskir héðan frá Bessastöðum á þessum fyrsta mjallhvíta degi hins nýbyrjaða árs. Við þökkum fyrir gamla árið, sem á svo margan hátt hefir verið okkur ánægjulegt og þjóðinni heilladrjúgt. Það er ilmur og bjarmi frá æskudögum yfir þessari miðsvetrarhátið, sem hefst þegar Jesúbarnið liggur nýfætt í jötunni, og lýkur þegar vitringarnir hylla konung hins tilkomandi ríkis. Sólin fer hækkandi á lofti, og frá þessum degi teljum vér 1959 ár eftir Krists burð. Vér þökkum hið liðna, en á þessum degi lítum vér þó meir fram í tímann, og vonin um ár og frið glæðist í brjósti. Miðsvetrarblót eru aflögð fyrir 959 árum. Vér teljum ekki, að það þurfi blót fórnardýra til að blíðka goðin, lyfta sólinni á braut sinni og tryggja vetrarafla og vorgróður. En fórnin er þar fyrir ekki fallin úr gildi. Kristnir menn fórna sínu eigin lífi með auðmjúku og þó öruggu hjarta í samstarfi við hin skapandi öfl. Heitstrengingar breytast í lofgjörð og bæn, og drengilega baráttu fyrir bættum hag og gróandi þjóðlífi. Fórn þýðir hjálp, sem beint er að þeim náunga, sem vér náum til.

Vér höfum öll margs að minnast og margt að þakka frá liðnu ári, einmuna tíð og árgæsku til lands og sjávar, og þó er jafnan skuggi einhversstaðar á; að þessu sinni landnyrðingurinn á Norðausturlandi og stopul síldveiði. Það er Íslands náttúra, að árferði er breytilegt eftir landshlutum. Sjaldan, ef nokkru sinni, hafa Íslendingar haft betur til hnífs og skeiðar og annarrar afkomu, en þó eru þar skuggablettir, sem ekki má gleyma. Minnir þetta hvorttveggja á nauðsyn sívakandi skilnings og samúðar. Samhjálpin, í hvaða mynd sem er, orkar miklu til jöfnunar.

Þrátt fyrir árgæsku eigum vér Íslendingar við fjárhagserfiðleika að stríða, og allir viðurkenna að kosningarrétt megi jafna frá því sem nú er. Hvorugt á skylt við árferði, og er þjóðinni í sjálfvald sett, hvernig leysist, og þarf þó bæði þekking, vit og góðan vilja til að vel fari. Um stjórnarskiptin, orsakir og útlit ræði ég ekki, en öllum er oss skylt að árna ríkisstjórn góðs farnaðar og styðja hana í því, sem þjóðarheil krefur. Stjórnmalaviðureignin er háð í návígi á hösluðum velli aðkallandi viðfangsefna, og orkar margt tvímælis meðan yfir stendur. Ég er ekki einn um þá ósk, að stundum ætti að glíma léttar og liðlegar en raun vill á vera. Í bændaglímu margra flokka hafa allir starfað einhvertíma með öllum hinum og skyldu þeir hinir sömu minnast þess, að í framtíðinni mun einnig skipta um glímubræður. Er þá mikils um vert að illindi „úldni ekki í hjartanu,“ eins og meistari Jón orðar það, og að ekki sé spillt málum fyrir þeim, sem síðar eiga við að taka. Þjóðareining og lýðræðisskipulag þolir það ekki, en neinir séu taldir óalandi og óferjandi, og óráðandi öllum bjargráðum. En sleppum því. Hins

vil ég minnst, að um eitt erum vér Íslendingar allir sammála, en það er nauðsyn þjóðarinnar á rúmgóðri landhelgi. Það er lífsskilyrði framtíðar og farsældar, og vor náttúrulegi réttur, sem ríður hvorki í bág við alþjóðalög né samþykktir, sem sett hafa verið. Vér eigum þar nú í harðri og ótrúlegri baráttu, sem ég óska og vona að létti fyrr en varir, ekki eingöngu sjálfra vor vegna, heldur og engu síður vegna þeirra, sem nú traðka á rétti vorum. Að öðru leyti vísa ég til þeirrar ræðu, sem ég hélt við setningu Alþingis, þess sem enn stendur yfir.

Góðir Íslendingar! Ég hefi þakkað hið liðna ár, en að þessu sinni er sérstök ástæða til að þakka öll hin liðna ár, síðan við hjónin komum hingað til Bessastaða. Á síðasta sumri var lokið hringferð okkar umhverfis landið. Hin fyrsta heimsókn var að Rafnseyri við Arnarfjörð og hin síðasta til Bolungarvíkur við Ísafjarðardjúp. Þá var hringurinn læstur. Að vísu munum við gera nágrannakaupstöðum betri skil, en þar eigum við oft leið um, og þarf engra skýringa.

Margt hefir borið fyrir augu, og margt borið á góma í þessum ferðum. Finnst mér nú að ég hafi allt Ísland fyrir hugskotssjónum, líkt og horft væri úr háloftum. Náttúra landsins er söm og allar kynslóðir hafa haft fyrir augum – en hitt er nýtt að geta nú heimsótt flesta hina merkustu sögustaði, öll helstu héruð, skoðað fjöll og fossa, farið um skóga, heiðar og fjallaskörð á einum fimm árum. Og einna nýstárlegast er þó víðsýnið úr lofti, hinir mildu litir og hin listilegu munstur, sem vindur og vatn dregur upp á öræfi og eyðisanda. Fjölbreytt, fögur og sterk er náttúra lands vors, og ólík öllu öðru, sem ég hefi séð. Hennar „heimalandsmót“ berum við í hug og hjarta.

Um eitt hefir svipur landsins breyst: vegirnir, brýrnar, ræktunarlönd, skurðgröftur og traust og varanleg bændabýli. Allsstaðar er unnið að ræktun og bygging, og vélarnar skila margfaldri vinnu á við mannsaflið, sem oft var áður útslitið og ætíð takmarkað af lélegum amboðum. Ríðandi fólk er nú jafn fáséð og bílarnir voru fyrir fjórutíu árum. Leifarnar af því, sem við ólumst upp við fyrir hálfri öld, eru nú tíndar saman á byggðasöfn.

Vöxtur kaupúna og kaupstaða er að sama skapi hvað hið ytra snertir og um alla útgerð. Þangað hefir fólksfjölgunin safnast, og á skömmum tíma verður að sjá fyrir miklum félagsþörfum, kirkjum, samkomuhúsum, sundlaugum og fleiru. Margt er enn ógert, en áfram heldur með ómótstæðilegu afli – og má þó ekki hraðar fara en fjárhagur og vinnuafli leyfir á hverjum tíma. Það er eitt höfuðviðfangsefni stjórnmalanna á síðari árum, og mun reynast full erfitt meðan flokkskappið er ríkara en samvinnulipurðin. En mikill þjóðararfur safnast komandi kynslóðum á þessum árum.

Það hafa miklar breytingar og snögglegar orðið á síðustu áratugum. Öll aðbúð batnað um fæði og klæði, hús og heimili. Vélarnar margfaldað mannaflíð – og hafa næstum útrýmt hestaflinu, þó enn sé það mælikvarðiinn. Ísland er endurnumið til lands og sjávar, og byrjun stóriðju hafin, í áburði áður og sementi á síðasta ári, og enn verður haldið áfram.

Í sjálfsstjórnar-, félags- og mannréttindamálum eru stórsigrar unnir. Viðfangsefnin eru gerbreytt. „Ekki list mér á þetta,“ sagði gamall þingmaður við mig fyrir mörgum árum. „Áður ræddum við um frelsi og mannréttindi, en nú er eingöngu talað um kjör og kaup, brýr og vegi.“ Breytingin er eðlileg en svo snögg, að vér höfum ekki enn náð föstum tókum á þeim lögmálum hófs og jafnvægis, sem liggja bak við hin miklu afskipti ríkisvaldsins af öllum þjóðarbúskap í fjárfesting, endurgreiðslum, niðurgreiðslum, verðlagsákvörðunum, o.s.frv. En þetta verður

óhjákvæmilega að lærast. Fullveldið gerir oss djarfa, en gætni og forsjá þarf jafnframt í öllum hlutum til að fullveldið fái staðist til langframa.

Vér lifum á erfiðum tímum, og er það bæði margsagt og margskýrt á ýmsa vegu. En býsna ósnortið hefir land vort og þjóð verið af þeim hörmungum, sem víða hafa gengið yfir, heimsstyrjöldum, borgarastyrjöldum, kúgun, pyntingum og landflótta. Mættum vér fyrir því halda jafnvægi og heilbrigðri hugsun. Þróun atvinnuveganna hefur verið ótrufluð, og hin ytri lífskjör eru í besta lagi. Og þó liggur eitthvað í loftinu sem truflar. Mér kemur í hug, að það megi líkja heimsástandinu við lífið í Álftaveri, þegar von er á Kötlugosi. Óhemju orka, sem er hvorki góð né vond í sjálfu sér, hefir verið leyst úr læðingi, og það er undir mannlegri náttúru, sem getur verið ýmist góð eða ill, komið, hvert þessu ógnarafla er stefnt. Aldrei höfum vér átt meir undir mannlegum þroska, vitsmunum og drenglund þeirra, sem með æðstu völd fara. Vonina höldum vér því eins fast í og nokkru sinni áður, og göngum að þeim störfum og viðfangsefnum, sem næst liggja, og þjóðin á framtíð sína og farsæld undir. Mér er kunnugt um, að þeir fara svo að í Álftaverinu, og leggja ekki árar í bát, þó þeir eigi blind náttúruöfl yfir höfði sér.

Oss er falinn þessi reitur til umönnunar, sem heitir hinu kalda nafni Ísland, sem hlýjar oss þó um hjartarætur, hvenær sem það er nefnt. Nýi tíminn hefir leitt í ljós, að landið er betra og björgulegra en talið var um langan aldur. Vér höfum og tekið mikinn arf í þjóðlegum verðmætum, bæði andlegum og stjórnafrarslegum. Kynstofninn er kjarngóður.

Er það þá ofætlun, að Íslendingar geti orðið öndvegisþjóð um lífskjör, stjórnafrar og alla andlega menningu? Þetta er spurning Fjallkonunnar til barna sinna. Allt frá tímum Eggerts Ólafssonar, er Fjallkonan Madonna Íslands, ýmist jarðnesk móðir, „sem á brjóstum borið og blessað hefir mig,“ eða Fjalladrottningin með „viðkvæmt og varmt hjarta, þó varirnar fljóti ekki í gælum.“ Og með þeim orðum vil ég ljúka máli mínu, að Fjallkonan hefir ríkulega blessað sín börn, og ætlast til nokkurs af þeim.

Að svo mæltu kveð ég með bestu nýársóskum.